

73

25. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 9. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921,
um stimpilgjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að undanþiggja banka frá því að stimpla
með greiðslumerkjum skjöl útgefin af þeim, enda hagi þeir bókhaldi sínu þannig,
að auðvelt sé, að dómi fjármálaráðuneytisins, að sjá á hverjum tíma, hve mörg
stimpilskyld skjöl þeir hafa gefið út, og greiði þeir svo stimpilgjald af þeim
ársfjórðungslega eftir á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 25. marz 1935.

Í nafni konungs

Harald

Íslands prins og Danmerkur, ríkisstjóri.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

74

29. marz

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri
til útlanda, kunngjörum Vér hérmeð Vorum kærú þegnum, að Vér
höfum sjálfur í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vér með opnu bréfi

16. marz þ. á., samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenska sambandslaga, höfðum falið bróðir Vorum elskulegum, hans konunglegu tign prins **Harald** Christian Frederik að hafa á hendi sem ríkisstjóri í fjarvist Vorri. 74
29. marz

Gjört á Amalíuborg, 29. marz 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

um að Ísland hafi fullgilt alþjóðasamninga, sem gerðir voru á pósthþinginu í Kairo þann 20. marz 1934. 75
3. apríl

Þann 27. febrúar 1935 voru afhent í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins egypska, í Kairo, fullgildingarskjöl Íslands að eftirtöldum alþjóðasamningum, sem gerðir voru á pósthþinginu í Kairo þann 20. marz 1934.

- 1) Alþjóðapóstsamningur,
- 2) Verðbréfasamningur,
- 3) Póstbögglasamningur,
- 4) Póstávisanasamningur,
- 5) Póstinnheimtusamningur.

Samningarnir gengu í gildi þann 1. janúar 1935.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstjórn Íslands, 3. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

KONUNGSBRÉF

um frestun á fundum Alþingis. 76
4. apríl

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum hér með, að tilskildu samþykki Alþingis, veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni